


Klettagarðar 9

Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. nóvember 2022 var lögð fram fyrirspurn Péturs Jónssonar, dags. 7. nóvember 2022, ásamt bréfi dags. 7. nóvember 2022 um breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 9 við Klettagarða sem felst í stækkun lóðar.



AR 2040



Gildandi deiliskipulagsupdráttur (2003)

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulagi eru Klettagarðar 9 á skilgreindu hafnarsvæði H4 en um svæðið segir m.a.:

H4. Sundahöfn (Klettasvæði, Vogabakki og Kleppsvík) Fjölbreytt flutningahöfn með farmstöðvar, gámaelli, vörugeymslur og vörudreifingu. Einnig aðstaða fyrir skemmtiferðaskip. Starfsemi sem fellur undir skilgreiningu athafnasvæða sbr. skipulagsreglugerð er almennt heimil. Einnig má gera ráð fyrir starfsemi sem fellur undir iðnaðarsvæði, sbr. skipulagsreglugerð, en tilgreina þarf þá starfsemi sérstaklega í deiliskipulagi. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu smásöluverslunar á svæðinu.

Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir *Reykjavíkurhöfn, Klettasvæði*, samþykkt í borgarráði þann 26. október 1999. Nýjasta breyting á deiliskipulaginu fyrir lóð nr. 9 við Klettagarða var samþykkt í borgarráði þann 30. september 2003.



Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til þess að stækka lóðina um u.þ.b. 1.660 m² til vesturs, að núverandi girðingu utan lóðar sbr. mynd með fyrirspurn:



Mynd með fyrirspurn

Lóðin sem um ræðir er innan skilgreindra hafnarmarka og samþykki Faxaflóahafna fyrir lóðarbreytingum þarf að liggja fyrir til að skipulagsfulltrúi taki þær til greina. Vísað er á skipulagsfulltrúa Faxaflóahafna ef óskað er eftir samtali um lóðarbreytingar innan hafnarmarka.

Vakin er athygli á því að stækkun Köllunarklettsvegar 2 til austurs er í ferli og liggur fyrir samþykki Faxaflóahafna fyrir þeirri breytingu. Sú lóðarstækkun fer að hluta inn á svæðið sem óskað er eftir í fyrirspurn þessari.

Niðurstaða

Samþykki Faxaflóahafna fyrir breytingu á lóðarmörkunum þarf að liggja fyrir til að skipulagsfulltrúi taki hana til greina, sbr. umsögn.

F.h. Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sólveig Sigurðardóttir
arkitekt / verkefnastjóri